

AUGLÝSING

um deiliskipulag Lambleiksstaða á Mýrum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 5. maí 2013 deiliskipulag Lambleiksstaða á Mýrum samkvæmt 25. gr. skipulagslaga. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagið er á svæði sem er norðvestan við bæinn Lambleiksstaði. Þar er gert ráð fyrir um 20 smáhýsum, auk tjaldsvæðis og leiksvæðis með þjónustuhúsi.

Deiliskipulagstillagan var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir. Skipulagsstofnun hefur afgreitt deiliskipulagið.

Deiliskipulagið öðlast nú þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 30. ágúst 2013,

Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. september 2013